




LANDABRÉF



Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Sigfús Jónsson, Njálsgötu 73, R.

3. tbl. 2. árg. september 1980

Landfræðitímarit

Á stjórnarfundi 12. ágúst s.l. var skipuð ritnefnd tímarits Landfræðifélagsins, sem fyrirhugað er að komi út í ársbyrjun 1981. Í ritnefnd eiga sæti; Sigfús Jónsson, form., Þorvaldur Bragason, Súsana Guðjónsson og Sigurður G. Þorsteinsson. Ákveðið hefur verið að auglýsa eftir greinum í tímaritið og skulu þær hafa borist formanni ritnefndar fyrir 1. nóvember n.k. Hér að neðan er gerð grein fyrir því hvers konar greina er óskað og hvernig skuli gengið frá þeim.

Hámarks lengd greina er 5.000 orð, en æskilegt er að þær séu heldur styttri. Þær mega vera hvort sem er á ensku eða íslensku. Greinum skal skilað vélrituðum með tvöföldu línubili. Með greinum á ensku verður birtur úrdráttur á íslensku og með greinum á íslensku verður birtur úrdráttur á ensku. Það er á valdi höfunda hvort þeir rita úrdrátt sjálfir eða fela ritnefnd að sjá um það. Hámarks lengd úrdráttar er 250 orð.

Allar skýringamyndir og ljósmyndir sem fylgja greinum skal númera og vísa til í texta sem (mynd 1) o.s.frv. Ekki skal sent frumrit mynda til ritnefndar með grein, heldur afrit. Skulu þær sendar í þeirri stærð sem þær eiga að birtast í tímaritinu.

Töflur skulu númeraðar með rómverskum tölum og vísað til í texta sem (tafla III) o.s.frv. Aðalfyrirsagnir skulu númeraðar með rómverskum tölum, en frekari undirfyrirsagnir með arabískum tölustöfum.

Varðandi tilvitnanir og heimildir geta höfundar valið á milli tveggja mismunandi aðferða:

- 1) Í texta sé vísað til eftirnafns erlendra höfunda og fulls nafns íslenskra höfunda ásamt ártali útgáfu í sviga, t.d. Jón Sigurðsson (1979), (Jón Sigurðsson, 1979) eða Linton (1962), allt eftir því sem við á hverju sinni. Í lok greinar er síðan heimildaskrá yfir alla höfunda sem vitnað er til. Er hún rituð þannig:

Jón Jónsson (1979) Kakólandafræði (Reykjavík)
Linton, D.L. and Moisley, H.A. (1960) „The origin of Loch Lomond“, Scott. geogr. Mag. vol. 76, pp.26-37
West, R.G. (1972) Pleistocene geology (London)

- 2) Númer sett inn í texta (t.d. ^{3,4}) og vitnað til þeirra í rétttri töluröð í lok greinar undir titlinum tilvitnanir, t.d.:

1. Flint, R. (1968) Urban geography (London)
2. Guðmundur Jónsson (1971) „Landnotkun“, Náttúrufr. 7. árg., bls.21

Ætíð skal setja útgáfustað bóka í sviga. Þá skal undirstrika bókartitla og nöfn á tímaritum. Höfundum skal bent á að ekki er greitt fyrir greinar, en sérprent útveguð ókeypis eða gegn vægu gjaldi, allt eftir nánara samkomulagi.

RÁDSTEFNA?

Komið hefur fram tillaga í stjórn Landfræðifélagsins um að halda ráðstefnu næsta vor. Staðarval ráðstefnunnar fékk ýtarlega umfjöllun eins og búast má við þar sem landfræðingar eiga í hlut. Eftir að kostir og gallar ýmissa staða höfðu verið vandlega metnir var ákveðið að ráðstefnan skyldi haldin í Munaðarnesi í Borgarfirði í apríl 1981.

Tillaga kom fram um að ráðstefnan tæki til meðferðar efnið „Landafræði í íslenskum skólum“, og var hún samþykkt.

Um fyrirkomulag ráðstefnunnar mætti hugsa sér eftirfarandi:

Fyrsti hluti: Kynning á landafræðikennslu í íslenskum skólum. Fjallaði þá kennari af hverju skólástigi um skipulag og uppbyggingu landafræðikennslu og námsefnis í grunnskólum, framhaldsskólum, Kennaraháskólanum og Háskóla Íslands.

Annar hluti: Umræðuhópar tækju til meðferðar ýmis efni t.d. landafræði og rannsóknir, menntun landafræðikennara, hlutur landafræði í samfélagsfræðinámi grunnskólanna o.s.frv.

Þriðji hluti: Sameiginlegt málþing þar sem starf umræðuhópa er dregið saman og niðurstöður þeirra kynntar og síðan ræddar. Ef til vill gæti málþinginu lokið með formlegri ályktun.

Um annað fyrirkomulag mætti hugsa sér að ráðstefnan hæfist um hádegisbilið á laugardegi og stæði fram eftir kvöldi. Morguninn eftir mætti fara í skoðunarferð um nágrennið undir leiðsögn sérfróðra manna. Leiðir félagsmanna gætu síðan skilið eftir hádegi á sunnudegi.

Þeir sem vildu taka þátt í undirbúningi ráðstefnunnar eða koma með tillögur um umræðuefni eða skipulag eru beðnir að hafa samband við einhvern stjórnarmanna.

Eggert Lárusson

Stórutjarnaskóla, 10. júní 1980.

Ágæti ritstjóri.

Mótttekið er Landabréf 2. tbl. 2. árg. Af efni þess er athyglisverðust klausan um fyrirhugaða tímaritsútgáfu. Sérstaklega hnaut ég um orðaskiptin um efnisval tímaritsins. Það er ljóst, að menn eru ekki á einu máli um, hvort það eigi að vera sérfræðilegt eða „alþýðlegt“. Þetta er að sjálfsögðu atriði, sem þarfnast athugunar við og verður að móta stefnu í.

Fyrst er hollt að átta sig á merkingu orðanna „sérfræðilegt“ og „alþýðlegt“.

Fyrri orðið skýrir sig reyndar að mestu sjálft. Sérfræðilegar greinar eru auðvitað greinar, sem ekki er endilega ætlast til að aðrir en þeir, sem hafa sérþekkingu í viðkomandi fræðigrein, geti lesið sér til gagns.

Merking orðsins „alþýðlegt“ er óljósari. Hún er óljós fyrst og fremst vegna þess, að hún er breytileg. Það sem nú er alþýðlegt, var ekki endilega alþýðlegt fyrir nokkrum áratugum. Sú var víst tíð, að ekki mátti sjást jafnvel einfaldasta stærðfræðiformúla í grein eða riti, þá seldist ritsmíðin ekki. Eða hvað sagði ekki hestamaðurinn:

Ein formúla í bók
áhugann frá mér tók.

Nú, í aftureldingu örtölvualdar, má ætla, að þetta sé mjög að breytast. Það er ekki bara að allir útreikningar séu að verða flestum leikur að tölvum, heldur má ætla, að skólakerfið hafi komið upp allgóðri stærðfræðipekkingu hjá Íslendingum síðustu áratugina. Þannig held ég, að Íslendingar eigi sífellt betra með að tileinka sér breiðara lesefni.

Hvernig snýr þetta við landafræði og landfræðingum?

Ef síðustu árgöngum Fjármálatíðinda er flett og skoðaðar greinar eftir landfræðinga, má fá nokkra hugmynd um

vanalegar landfræðilegar ritsmíðar nú til dags. Það, sem augljóslegast skilur þessar greinar frá öðrum í tímaritinu, eru kortin. Þau eru alltaf skýr og auðskilin, enda tilgangurinn með þeim að gera efnið aðgengilegra en ella og eru landfræðingum sterkasta vopnið við að gera greinar sínar „alþýðlegar“. Hreinar stærðfræðiformúlur eru hverfandi (ég tók eftir tveimur í þeim fjórum greinum, sem ég athugaði), svo þær ættu ekki að hræða neinn. Hins vegar er nokkuð unnið með tölfræði og prósentureikning í þessum greinum, en það eru þættir, sem menn fá inn grip í strax í grunnskóla og eru varla nokkrar grýlur. Fræðiheiti og vinnuaðferðir, t.d. þáttagreining, gætu e.t.v. virkað hamlandi á lestur einstakra greina. Það er þó að verulegu leyti undir greinarhöfundi komið og er þá komið að kjarna málsins.

Það er að sjálfsögðu á valdi höfunda að gera efni sitt „alþýðlegt“, ef þeir vilja. Það eiga menn að kappkosta, með því að skýra vel þau atriði, sem ætla má að séu mörgum framandi. Þetta virðast greinarhöfundar að nefndum greinum í Fjármálatíðindum hafa gert með sóma. Raunar eru formúlur, töflur, talnarunur og torkennileg fræðiorð ekki landafræðinni neinn lífselexír, þó mikilsverð hjálpartæki séu oft.

Niðurstaðan er, að vel megi skrifa greinar um flest landfræðileg efni á „alþýðlegan“ hátt án þess að fræðigildið rýrni.

Fyrir tæplega áratug hóf göngu sína á Akureyri ágætt tímarit um náttúrufræði og náttúruvernd, Týli að nafni. Í ritstjórnargrein fyrsta heftis segir: „Það (ritið) er ætlað almenningi, en mun þó gera töluverðar kröfur til einbeitingar hjá lesendum sínum“. Eg legg til, að út af þessum orðum verði lagt, þegar mótuð verður stefna um efnisval í tilvonandi tímariti landfræðinga á Íslandi.

Virðingarfyllst,

Guðmundur Sigvaldason

ORÐSENDING FRÁ GJALDKERA

Ég vil beina þeim tilmælum til félaga sem enn hafa ekki greitt félagsgjaldið fyrir árið 1980, að gera það hið snarasta. Innheimta félagsgjalda hefur gengið ágætlega framan af sumri, en þó eru nokkrir, sem hafa látið hjá líða að greiða félagsgjaldið. Það er félaginu mikið kappsmál að sjóður þess gildni nokkuð frá því sem nú er. Enn vantar herslumuninn að félagið standi undir fyrirhuguðum kostnaði við útgáfu tímarits, og því er nauðsynlegt að félagar sýni samstöðu og vilja til þess að útgáfa ritins geti orðið að veruleika.

Við höfum nú sent fréttabréf okkar frá upphafi til ýmissa stofnana og skóla, sem við höfum talið að málefni félagsins ættu erindi við. Viðkomandi aðilum er bent á, að með því að greiða árgjald félagsins, þá verða þessar stofnanir umsvifalaust settar á skrá sem fullgildir félagar. Félögum þarf að fjölga og öllum ætti að vera ljóst, að með auknum fjárráðum er okkur gert kleift að þjóna hagsmunum félagsmanna betur.

Árgjaldið má greiða í öllum bönkum, sparisjóðum og póstútibúum með því að senda giróseðil á ávísanareikning Landfræðifélagsins nr. 7513 í Iðnaðarbankanum. Tökum nú á og eflum Landfræðifélagið.

REKSTRARREIKNINGUR LANCFRÆÐIFÉLAGSINS

(frá stofnfundi 23. apríl 1979 til
fyrsta aðalfundar 21. apríl 1980)

GJÖLD:

Kostnaður vegna útgáfu fréttabréfa	252.101,-
Sendingarkostnaður fréttabréfa	84.300,-
(þ.m.t. innritunargjald Pósts og síma: 51.000,-)	
Frimerki og umslög	62.090,-
Fjölritun tilkynninga	10.093,-
Kostnaður til Reiknistofn. Háskólans (giróseðlar og límmiðar)	13.998,-
Kostnaður vegna fræðsluferðar	61.800,-
Ýmis kostnaður	<u>16.480,-</u>
Gjöld samtals:	<u>500.862,-</u>

TEKJUR:

Félagsgjöld 1979	725.000,-
Innheimta fargjalda	31.000,-
Gosdrykkjasala	8.525,-
Vaxtatekjur	<u>44.880,-</u>
Tekjur samtals:	<u>809.405,-</u>
Tekjur umfram gjöld	<u>308.543,-</u>

FRÆÐSLUFERÐ

Fræðsluferð félagsins verður farin laugardaginn 13. september. Farið verður austur í Flóa, þar sem m.a. verður komið við í Kaldaðarnesi, Stokkseyri, Eyrarbakka og Flóaáveitan skoðuð. Til leiðsagnar verður Jónas Helgason landfræðingur, sem er kunnugur svæðinu, ásamt nokkrum innfæddum mönnum. Lagt verður af stað kl. 10 f.h. frá Jarðfræðahúsi Háskóla Íslands. Áætlað er að koma til baka um kl. 17-18. Þátttakendur eru minntir á að taka með sér nesti og hlý föt, auk korta af svæðinu. Áætlað verð er 4.000,- kr. á mann. Um kvöldið er ráðgert, að félagsmenn hittist í Stúdentakjallaranum, einnig þeir sem ekki fara í ferðina. Mætum öll.

FYRIRLESTRAR

Fyrsti fyrirlestur vetrarins verður haldinn mánudaginn 6. október kl. 20³⁰. Finnur Torfi Hjörleifsson cand. mag. ræðir um efnið: Þjóðgarðar Íslands og íslensk ferðamál. Finnur Torfi er formaður Skotveiðifélags Íslands og hefur starfað sem gæslumaður í Skaftafelli, auk annarra starfa. Fyrirlestrar vetrarins verða haldnir í Garðsbúð í húsi Félagsstofnunar stúdenta við Hringbraut. Nánar verður sagt frá næsta fyrirlestri í næsta landabréfi.

BOBBAI DILL BRAGÁSON
LUNGSNEFNUM 22
104 REYKJAVÍK